



SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

Alþingi
Samgöngunefnd
Austurstræti 8 - 10

150 REYKJAVÍK

JRP/aa

Rvk. 28.02. 2005

Efni: Þingsályktunartillaga um vegagerð og veggjöld, 43. mál.

Þingsályktunartillagan gerir ráð fyrir skipan nefndar, sem hefði það verkefni að gera úttekt á kostum í vegagerð, sem hægt væri að fjármagna með veggjöldum, í því skyni að stuðla að hraðari uppbyggingu samgöngumannvirkja.

Samtök atvinnulífsins styðja að slík úttekt á kostum í vegagerð verði gerð. Ljóst er að Hvalfjarðargöngin hafa skapað jákvætt og gott fordæmi í því efni. Göngin hafa stuðlað að jákvæðri byggðapróun og hraðari atvinnuuppbyggingu en ella hefði orðið.

Eðlilegt er að slík veggjalda verkefni fái meira vægi í framtíðinni við fjármögnum mannvirkja.

Samtökin mæla því með samþykkt þessarar þingsályktunartillögu.

Virðingarfyllst,

Jón R. Pálsson